



Reykjavík, 6. febrúar 2024

MSS22050102

Íbúaráð Grafarvogs

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um stefnumörkun varðandi eftirlitsmyndavélar

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs 5. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn. sbr. 6. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

Í framhaldi af fyrirspurn íbúaráðs frá því í maí 2022 varðandi uppsetningu á öryggis – og eftirlitsmyndavélum í Grafarvogi og svari frá borgarritara dagsettu 25. ágúst 2022 óskar íbúaráð Grafarvogs eftir upplýsingum um hvar málið sé statt innan borgarinnar í dag. Í svari frá borgarritara kom þá fram að Reykjavíkurborg væri að huga að stefnumörkun til framtíðar varðandi eftirlitsmyndavélar í borginni. Er enn verið að vinna að stefnumörkun - og ef svo er liggur eitthvað fyrir um lok þeirrar vinnu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svar:

Borgarráð samþykkti tillögu borgarstjóra á fundi sínum 19. október 2023 að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði ábyrgð á utanumhaldi og eftirliti með rafrænni vöktun öryggismyndavéla sem settar eru upp á vegum starfsstaða Reykjavíkurborgar. Fram kemur í samþykkt borgarráðs að þar sem enn eru ekki til heildstæðar verklagsreglur innan Reykjavíkurborgar um hvernig standa skuli að ákvörðun um uppsetningu og rekstri öryggismyndavéla þá sé mikilvægt að samræma nálgun borgarinnar í þessum efnum til að tryggja heildstæða hlítingu við lög og skýra ábyrgð og hlutverk.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík